

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa (Mál nr. 97/2020)

Undirritaður fagnar því að þessi reglugerð sé lögð fram og vonar að hún leiði til jákvæðra breytinga á fyrirkomulagi löggildingarprófsins, en vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og tillögum um úrbætur við drögin.

2. grein – athugasemd við tímaramma skráningar og nýrrar heimildar til að fella niður próf

Í greininni er prófnefnd veitt ný heimild til þess að fella niður próf ef færri en 15 manns skrá sig. Í greininni kemur einnig fram að prófmenn skuli skrá sig eigi seinna en tveimur mánuðum fyrir próf.

Því má ætla að prófnefnd geti ekki tekið upplýsta ákvörðun um að fella niður próf fyrr en í fyrsta lagi 2 mánuðum fyrir áætlaðan prófdag. Undirbúningur fyrir þetta próf (hvort sem ætlunin er að fara í allt prófið eða einstaka prófhluta) hefst hins vegar töluvert fyrr en 2 mánuðum fyrir próf.

Um er að ræða skipulagningu sem felur meðal annars í sér samkomulag við vinnuveitanda um leyfi frá vinnu, skipulagningu sumarfrís, skipulagningu heimilislífs með tilliti til maka og barna, þeirra sumarfrís og svo mætti áfram telja án þess að taka neitt tillit til formlegs tíma við lærdóm. Þessi undirbúningur hefst mun fyrr en 2 mánuðum frá prófi og margir ættu svo sannarlega erfitt með að draga slík áform til baka með svo stuttum fyrirvara. Sem dæmi má benda á að Félag löggiltra endurskoðenda hefur síðustu ár haldið námskeiðið „Að taka löggildingarpróf“ í maí með það að hugarfari að aðstoða prófmenn að skipuleggja undirbúning sinn.

Niðurstaða

Lagt er til að auglýsingu og skráningu sé flýtt svo að prófmenn geti skipulagt undirbúning sinn fyrir prófið í heild sinni eða prófhlutann með vissu um að próf skuli haldið.

3. grein – athugasemd við mögulegan fjölda prófhluta

Í greininni kemur fram að prófhlutar skuli vera að minnsta kosti 2. Prófnefnd er einnig veitt heimild til þess að ákveða efnissvið og lengd prófa hvers hluta. Þetta orðalag er of óljóst og heimild of víð.

Eðlilegt er að prófnefnd hafi heimild til þess að ákveða um sjálfstæð úrlausnarefni innan hvers prófhluta, enda mikilvægt að prófið taki tillit til nýjunga og að það þróist með faginu. Það er hins vegar slæmt ef að prófhlutar, efnissvið þeirra (endurskoðun, reikningsskil, skattur) og lengd séu ekki stöðug stærð.

Veruleg flækja gæti myndast ef fjöldi prófhluta, efni þeirra og vægi er sveiflukennt yfir gildistíma reglugerðarinnar og prófmenn séu að sitja mismunandi samsetningar prófa og prófhluta, en samkvæmt 7. gr. er prófmönnum heimilt að dreifa prófhlutum yfir fjögurra ára tímabil.

Niðurstaða

Lagt er til að ákvörðun sé tekin um fjölda prófhluta, efnissvið, vægi og próflengd þeirra áður en reglugerðin er samþykkt.

3. og 4. grein – athugasemd við ósamræmi þegar kemur að nafnleynd prófúrlausna

Í greininni kemur fram að opnað sé fyrir nýtt fyrirkomulag prófsins í heild sinni eða einstakra prófhluta. Í stað þess að prófið skuli vera skriflegt getur það nú verið skriflegt, rafrænt eða munnlegt.

Í fyrsta lagi þá er óljóst hver munurinn á skriflegu og rafrænu er enda langt síðan að löggildingarprófið var lagt fyrir á pappír og hefur því verið unnið á tölvu seinustu ár. Í öðru lagi, og þeim mun mikilvægara, er að samkvæmt 4. grein skulu skriflegar prófúrlausnir vera nafnlausar. Því gerir þessi breyting það að verkum að hluti prófsins skuli vera nafnlaus og hluti þess ekki.

Undirritaður telur mjög mikilvægt að halda prófinu nafnlausu eins og mögulegt er. Um er að ræða afar litla stétt og því mjög erfitt fyrir prófnefnd eða prófsemjendur að halda óháði, hvort heldur í reynd eða ásýnd, þegar farið er yfir lausnir. Þetta vekur einnig upp verulegar efasemdir um ágæti munnlegs prófhluta hér á landi þótt slíkt hugsanlega nýtist erlendis. Verst er þó að ósamræmi ríki milli einstakra hluta prófsins. Sérstaklega er þetta athugavert í samhengi við athugasemd mína við 3. grein um mögulegar sveiflur í uppsetningu prófhluta og vægi þeirra milli ára.

Niðurstaða

Lagt er til að taka eigi „skriflegar“ úr 3. og 4. grein og halda sig við rafrænar í samræmi við núverandi fyrirkomulag og að ákvörðun sé tekin um hvort prófúrlausnir séu nafnlausar eða ekki og að samræmi sé þar þvert á allar lausnir áður en reglugerðin er samþykkt.

8. grein – athugasemd tengd 2. grein

Í greininni kemur fram að skipta eigi upp próftökugjaldi í skráningargjald og prófgjald. Árið 2019 var próftökugjald innheimt þann 20. september. Prófið sjálft var dagana 7. og 9. október. Því leið afar stuttur tími milli greiðslu og prófdags. Ekki kemur fram í greininni hvenær gert er ráð fyrir að hin nýju gjöld séu greidd eða afhverju ástæða þykir að skipta því upp þegar greiðsla er svo nálægt prófdegi.

Niðurstaða

Athugasemd er ekki gerð við skiptingu gjaldsins sem væri mjög viðeigandi ef, eins og lagt var til í athugasemd við 2. grein, skráningardegi er flýtt og gjald þurfi því að greiða t.d. í upphafi sumars. Prófnefnd gæti þar að leiðandi tekið upplýsta ákvörðun sem byggir á skráningargjöldum hvort forsendur eru fyrir því að halda próf að hausti til. Ef slíkt er ekki gert þá eru forsendur og formsatriði þessarar greinar óljósar.